

**Ed.**

**1040. Breytingartillögur**

[431. mál]

við frv. til l. um virðisaukaskatt.

Frá Júlíusi Sólnes og Guðmundi Ágústssyni.

1. Við 2. gr.
  - a. 3. tölul. 3. mgr. orðist svo: Rekstur skóla og menntastofnana, þar með talin starfsemi sérskóla og námskeiðahald.
  - b. 4. tölul. 3. mgr. orðist svo: Menningarstarfsemi, þar með talinn rekstur safna og bókasafna.
  - c. 8. tölul. 3. mgr. orðist svo: Fasteignaleiga, þar með talin leiga hótél- og gistiherbergja, svo og útleiga á félagsheimilum.
  - d. 12. tölul. 3. mgr. orðist svo: Vinna listamanna af menningarlegum toga, svo og sýning og sala hugverka þeirra.
2. Við 4. gr. Í stað „100 000 kr.“ í 3. tölul. komi: 300 000 kr.
3. Við bætist ný grein, sem verður 5. gr., svohljóðandi:

Peir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 4 000 000 kr. á ári skulu með skattframtali sínu skila rekstraryfirliti sem sýnir innskatt og útskatt vegna starfseminnar á árinu. Skulu þeir greiða með öðrum á lögðum opinberum gjöldum sínum þann mismun á útskatti og innskatti sem rekstraryfirlitið sýnir.

Aðilar, sem falla undir ákvæði 1. mgr., skulu við upphaf árs gera viðkomandi skattstjóra grein fyrir áætlaðri veltu ársins. Skattstjóra er heimilt að krefjast þess að viðkomandi aðili gerist virðisaukaskattsskyldur að fullu ef sýnt þykir að veltan fari upp fyrir tiltekin mörk.
4. Við 12. gr.
  - a. 5. tölul. orðist svo: Vistir, eldsneyti, tæki og annar búnaður sem afhentur er til nota um borð í millilandaförum, svo og sú þjónusta, m.a. viðhalds- og viðgerðarþjónusta, sem veitt er slíkum förum.
  - b. Við 9. tölul. bætast orðin: svo og afnotagjöld útvarpsstöðva og loftnetsdreifikerfa.
5. Við 14. gr. Greinin orðist svo:

Virðisaukaskattur skal lagður á með tveimur mismunandi skattþrepum og skulu þau ákveðin í fjárlögum ár hvert. Hið lægra virðisaukaskattþrep, sem ekki má vera hærra en 6%, skal notað við álagningu á matvæli og aðrar helstu nauðsynjavörur heimilanna samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð. Allar aðrar vörur og þjónusta, svo og annað sem er virðisaukaskattsskylt samkvæmt lögum þessum, skal bera skatt samkvæmt herra þrepinu sem ekki má vera hærra en 22%.
6. Við 20. gr. Orðin „fyrir fram“ í 3. máls. 1. mgr. falli brott.
7. Við 34. gr. 3. mgr. orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má fjármálaráðherra veita greiðslufrest á virðisaukaskatti á innfluttum vörum við tollafgreiðslu, enda setji innflytjandi fullnægjandi tryggingar.